



Reykjavík 14. maí 2010

Níu verkefni styrkt af Forvarna- og framfarasjóði

Kaffi Róló, Hverfisgatan í fóstur og menningarkort af hverfum meðal verkefna auk 100 nýrra sumarstarfa

Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri, úthlutaði styrkjum til níu verkefna úr Forvarna- og framfarasjóði Reykjavíkurborgar við formlega athöfn í Höfða í dag. Heildarupphæð styrkjanna nemur kr. 6.100.000. Við sama tækifæri var 10.000.000 kr. veitt úr sjóðnum til atvinnuátaks fyrir ungt námsfólk í sumar. Stefnt er að því að skapa 100 störf fyrir fjárhæðina. Að atvinnuátakinu standa ÍTR, Hitt húsið og Vinnumálastofnun.

Forvarna- og framfarasjóðurinn styrkir fjölbreytt verkefni að þessu sinni eins og áður. Af áhugaverðum verkefnum er hægt að nefna menningarkort fyrir hvert einasta hverfi borgarinnar. Á menningarkortinu verður hægt að nálgast markverðar upplýsingar úr sögu hverfanna, m.a. á sviði byggingarlistar, þjóðfræði og sagnfræði. Önnur verkefni fela m.a. í sér styrki við rekstur kaffihúss á róluvelli, ritun bókar um sjálfsvíg, „fóstrun“ Hverfisgötu, og listamiðstöð fyrir ungt fólk.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri, minnti á við afhendingu styrkjanna að oft gætu lítil verkefni stuðlað að víðtækum breytingum og árangri til framtíðar. „Ég efast ekki um,“ sagði hún og beindi máli sínum til styrkþeganna, „...að ykkar verkefni munu vekja aðra til umhugsunar og kannski spretta upp nýjar aðferðir og leiðir til að vinna eða horfa á hefðbundin verkefni í framhaldi af þeim.“

Forvarna- og framfarasjóður Reykjavíkurborgar var stofnaður þann 29. nóvember árið 2007. Markmiðið sjóðsins er að stuðla að forvörnum, eflingu félagsauðs, auknu öryggi íbúa og bættri umgengni í borginni. Með honum er jafnframt stuðlað að því að gefa einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum tækifæri til frumkvæðis og nýsköpunar á sviði forvarna og framfara. Alls hefur sex sinnum verið úthlutað úr sjóðnum til 67 verkefna frá upphafi.

Nánari upplýsingar veitir:

Magnús Þór Gylfason, aðstoðarmaður borgarstjóra í síma: 899 5552

Yfirlit yfir styrkþega er á næstu síðu.

Verkefnin sem hljóta styrk eru:

1. Foreldrasamstarf óháð tungumálakunnáttu

Umsækjandi: Foreldrafélag Austurbæjarskóla

Foreldrafélagið mun útbúa eyðublöð á öllum helstu tungumálum með það að markmiði að auka virkni og þátttöku foreldra af erlendum uppruna í skipulögðu bekkjarstarfi án tillits til tungumálakunnáttu. Tilgangurinn er að auka samkennd, umburðarlyndi og vellíðan barna og foreldra í bekknum og skólasamfélaginu í heild.

2. Konur í köstin

Umsækjandi: Íþróttafélag Reykjavíkur

Markmiðið með verkefninu er að ná til unglingsstúlkna á framhaldsskólaaldri sem ekki stunda íþróttir markvisst og bjóða þeim að æfa með deildinni. Þjálfunin mun fela í sér styrktar-, kast- og grunnþolsþjálfun, auk næringarráðgjafar og fræðslu frá íþróttasálfræðingi.

3. Heilsuefning á félagssvæði Glímufélagsins Ármanns

Umsækjandi: Glímufélagið Ármann

Frjálsíþróttadeild Glímufélagsins Ármanns vill nálgast íbúa hverfisins á nýjan hátt. Sérstök áhersla er lögð á að tengjast þeim íbúum hverfisins sem lítið eða ekkert hafa tengst íþróttaiðkun. Í upphafi verður fyrst og fremst leitast við að ná til kvenna á aldrinum 40 – 60 ára. Verkefnið tekur að nokkru leyti mið af lýðheilsuverkefninu „Jogscotland“ sem hefur haft mikil áhrif á almenna heilsuefningu um gervallt Skotland.

4. Ylhús í Reykjavík

Umsækjandi: Borgarbændur

Markmið verkefnisins er að byggja ylhús í miðborginni og bjóða borgarbúum að rækta grænmeti og jurtir, árið um kring í ylhúsum í borgarlandinu með sem minnstum tilkostnaði. Æskilegt væri að ylhús rísi í hverju hverfi eða a.m.k. í hverjum borgarhluta síðar meir. Styrkurinn til verkefnisins er til frekari þróunar á því í samvinnu við viðeigandi fagsvið borgarinnar.

5. Kaffi Róló

Umsækjandi: Kristín Brynja Gunnarsdóttir

Hugmyndin er að kaffihús verði staðsett á róluvöllum borgarinnar. Einnig framkvæmanlegt í húsnæði leikskóla borgarinnar um helgar og í sumarfríum leikskólanna. Verkefnið felur í sér nýsköpun og stuðning við foreldra í hverfum borgarinnar. Umsækjendur hafa fengið leyfi til að nýta húsnæði við leikskólann

Steinahlíð til umræddrar starfsemi sumarið 2010 og tekið hefur verið jákvætt í verkefnið í Leikskólaráði.

6. Bók um Sjálfsvígsfræði; sjálfsvíg og sjálfsvígstílaunir

Umsækjandi: Wilhelm Norðfjörð

Verkefnið stuðlar að forvörnum gegn sjálfsvígum. Bókin er um sjálfsvígsfræði sem er fræðigreinin um sjálfsvígsatferli. Áhersla verður á ungt fólk. Ekki hefur verið skrifuð bók um þetta efni á íslensku áður.

7. Menningarkort fyrir sérhvert hverfi Reykjavíkurborgar

Umsækjandi: Gerður Jónsdóttir

Menningarkort fyrir öll 10 hverfi Reykjavíkurborgar. Hugmyndin er að safna saman á aðgengilegan, fróðlegan og skemmtilegan hátt upplýsingum um sérhvert hverfi Reykjavíkur þar sem fléttast saman skipulagssaga hverfisins, byggingarlistasaga, þjóðfræði og sagnfræði. Kortin munu nýtast fyrir Reykvíkings og innlenda og erlenda ferðamenn. Verkefnið stuðlar enn fremur að aðgengileika menningarlegra heimilda um Reykjavíkurborg.

8. Fóstrun Hverfisgötu og menningarmiðstöð í hjarta Reykjavíkur

Umsækjendur: Worldwide Friends Iceland - Veraldarvinir

Veraldarvinir taka Hverfisgötu í fóstur og hjálpa íbúum, eigendum og rekstraraðilum götunnar við tiltekt, málun og fegrun húsa og umhverfis. Húsin nr. 59 og 61 verða nýtt sem miðstöð sem standa mun fyrir menningartengdum verkefnum á nærliggjandi svæðum.

9. Gallery Crymo

Umsækjandi: Sólveig Pálsdóttir

Markmiðið með Gallery Crymo er „að skapa vettvang og samfélag fyrir ungt fólk sem hefur áhuga á myndlist, ljóðlist og tónlist. Á dagskránni í sumar eru einkasýningar, vinnustofur, stórar samsýningar, ljóðakvöld, tónleikar, tískusýning, áhugamannaleikhús, örnámskeið og þátttaka í tveim listahátíðum. Ein í hjarta Reykjavíkur og önnur á Stöðvarfirði.